

Þróunarsjóður leikskóla

Ábendingar vegna skýrslugerðar

Samkvæmt samningi sem Leikskólasvið gerir við styrkþega Þróunarsjóðs leikskólaráðs skulu þeir aðilar sem fá úthlutað styrk úr sjóðnum skila skýrslu um verkefnið til Leikskólasviðs.

Helstu þættir sem þurfa að koma fram í lokaskýrslu þróunarverkefnisins:

- **Efnisyfirlit**
- **Samantekt/útdráttur** þar sem gerð er grein fyrir meginatriðum verkefnisins. Einkum ætlað til kynningar.
- **Inngangur**
Aðdragandi verkefnisins/tildrög.
- **Fræðilegur bakgrunnur**
Hugmyndafræði sem þróunarverkefnið byggir á
- **Markmið og lýsing á verkefninu**
Markmið með þróunarverkefninu.
Lýsing á ferli verkefnisins.
Samstarfsaðilar, ef einhverjir eru.
- **Mat á verkefninu**
Framkvæmd verkefnisins.
Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?
Umsagnir þátttakenda, s.s. viðhorf barna, foreldra og starfsfólks
- **Samantekt og umræða**
Áhrif verkefnisins á leikskólastarfið í heild.
Mun verkefnið nýtast áfram í leikskólastarfinu?
Hvers konar kynning á verkefninu, útgáfa eða dreifing hefur farið fram eða er fyrirhuguð?
Stóðst framkvæmda- og kostnaðaráætlun?
- **Heimildir**
- **Fylgiskjöl**, s.s. bréf, námsefni, myndefni, vefsíður, hljómbönd.

Ábendingar:

Vel er hugsanlegt að aðrir kaflar eigi heima í skýrslu, allt eftir eðli og umfangi verkefnisins.

Í mörgum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að vinna skýrsluna jafnt og þétt meðan á verkefninu stendur, t.d. með skipulegri upplýsingasöfnun, samantekt gagna, skráningu og dagbók.

Ef fleiri en einn vinna verkefnið er nauðsynlegt að koma á skýrri verkaskiptingu við skýrslugerð, t.d. að tilnefna ritstjóra.